



## Fundargerð stjórnarfundar nr. 30.

Stjórnarfundur Norðurár bs. föstudaginn 21. júní 2010 kl:15:00, haldinn sem símafundur. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Undir fyrsta lið fundarins var einnig Ágúst Hafsteinsson frá arkitektastofnunni Form ráðgjöf ehf.

### Dagskrá

1. Hönnun þjónustuhúss.
2. Drög að samningi við Verkfræðistofu Norðurlands.
3. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Hönnun þjónustuhúss.

Ágúst lagði fram frumdrög að lýsingu á fyrirhuguðu þjónustuhúsi ásamt nokkrum grunn hugmyndum að herbergaskipan og hönnun. Hugmyndirnar ræddar og Ágústi falið að vinna áfram að verkinu út frá þeim hugmyndum og ábendingum sem fram komu á fundinum. Einnig ætlar hann að yfirfara og samræma þau drög að hönnunaráætlun sem liggja fyrir. Ákveðið að fara aftur yfir málin næstkomandi fimmtudag.

#### 2. Drög að samningi við Verkfræðistofu Norðurlands (VN).

Magnús lagði fram endurskoðaða útgáfu af tímaáætlun og samningi við VN. Honum falið að ganga frá samningum eins og hann liggur fyrir. Einnig ákveðið að Magnús verði formlegur umsjónarmaður verkkaupa (Norðurá bs.), á fyrirhuguðum verkfundum. Geti hann ekki mætt eru aðrir stjórnarmenn hans varamenn.

#### 3. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 15:30

---

Magnús B. Jónsson

---

Einar E Einarsson

---

Vignir Kjartansson

---

Eiður Guðmundsson